

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 91/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2004 frá 8. júní 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/506/EB frá 3. júlí 2003 um breytingu á ákvörðunum 2001/881/EB um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og 2002/459/EB um að skrá einingar í ANIMO-tölvukerfinu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB frá 29. ágúst 2003 um bráðabirgðaráðstafanir sem gera skal í Ungverjalandi með tilliti til heilbrigðiseftirlits með afurðum úr dýraríkinu frá Rúmeníu ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að gilda í Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Hluti 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB):
„- **32003 D 0506**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/506/EB frá 3. júlí 2003 (Stjtíð. ESB L 172, 10.7.2003, bls. 16).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 113. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/349/EB):
„114. **32003 D 0630**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/630/EB frá 29. ágúst 2003 um bráðabirgðaráðstafanir sem gera skal í Ungverjalandi með tilliti til heilbrigðiseftirlits með afurðum úr dýraríkinu frá Rúmeníu (Stjtíð. ESB L 218, 30.8.2003, bls. 55).
Þessi gerð gildir einnig á Íslandi.“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 59, 25.11.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 172, 10.7.2003, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 218, 30.8.2003, bls. 55.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2003/506/EB og 2003/630/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.